

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 202/2014

202-2015i

frá 25. september 2014

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum  
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer  
á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðildarríkja EES-samningsins þannig að það taki til tilmæla ráðsins  
2012/C 398/01 frá 20. desember 2012 um viðurkenningu á óformlegu og formlausu námi <sup>(1)</sup>.
- 2) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti  
átt sér stað.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr. 4. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„– **32012 H 1222(01)**: Tilmæli ráðsins 2012/C 398/01 frá 20. desember 2012 um viðurkenningu á óform-  
legu og formlausu námi (Stjtíð. ESB C 398, 22.12.2012, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins  
berst (\*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L C 398, 22.12.2012, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.